

Viðskiptastefna.

Viðskiptastefna

Orkuveita Húsavíkur skal vera félag með takmarkaðri ábyrgð eiganda þar sem kjörnum fulltrúum eiganda, starfsmönnum, viðskiptavinum, íbúum og fjölmiðlum skal gefinn kostur á upplýsingum um málefni félagsins til samræmis við stöðu þess sem félags í eigu opinbers aðila. Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur er í sérleyfisstarfsemi. Orkuveita Húsavíkur skal starfa í samræmi við lög og reglur sem á starfssviði gilda og tryggja að sterk staða félagsins gagnvart viðskiptavinum sé notuð af hógværd og sanngirni.

Orkuveita Húsavíkur veitir íbúum og fyrirtækjum á starfssvæði félagsins aðgang að fráveitu, heitu og köldu vatni í samræmi við lög og þar sem því verður við komið á sanngjörnu verði fyrir eigendur og notendur. Öryggi í vinnubrögðum og afhendingu, góð þjónusta og hagkvæmni í rekstri skulu höfð að leiðarljósi í starfseminni.

Orkuveita Húsavíkur skal leita allra leiða til að veita atvinnustarfsemi sem krefst mikillar vatnsnotkunar aðgang að heitu og köldu vatni og öflugri fráveitu á sanngjörnu verði með það að markmiði að efla búsetugæði og atvinnustarfsemi á starfssvæðinu.

Orkuveita Húsavíkur skal í starfsemi sinni leitast við að hagnýta sér þekkingu samtaka sem félagið á aðild að og samstarfsaðila.

Orkuveita Húsavíkur skal leitast við að tryggja að ímynd félagsins falli að framtíðarsýn þess. Taki Orkuveita Húsavíkur þátt í samkeppnisstarfsemi, þá skal það gert með eignarhaldi í öðrum lögaðila, hvort sem það er í fullri eign eða að hluta. Þá skal tryggt að skýr skil séu á milli samkeppnisrekstrar og sérleyfisrekstrar.

Mælikvarðar:

- Aðgengi íbúa og fyrirtækja á starfssvæði OH að fráveitu, heitu og köldu vatni

Tryggja skal eins og kostur er aðgengi íbúa og fyrirtækja að heitu- og köldu vatni ásamt tengingum við stofn fráveitu þar sem það á við.

- Öryggi í vinnubrögðum (slysa- eða óhappatilvik)

Tryggja skal með öllum tiltækum ráðum öryggi starfsmanna og annarra í tengslum við framkvæmdir og viðhald veitunnar.

- Öryggi í afhendingu (lokanir eða takmarkanir)

Lokanir og takmarkanir á afhendingu skulu skráðar.